

Hofsstaðaskóli, 8. september 2008.

## **FULLTRÚARÁÐSFUNDUR**

*Mættir: Úr foreldrafélaginu voru: Guðrún, Herdís, Iðunn og Þorgeir. Af bekkjarfulltrúum voru 15 mættir, þó enginn úr 1. og 5. bekk.*

Fundarmenn byrjuðu á því að kynna sig. Að því loknu tók Iðunn formaður foreldrafélagsins við, dreifði fundargögnum og stýrði fundinum.

### **Ástæða fundarins**

Tilgangurinn var að bekkjarfulltrúar væru upplýstir um ákveðin mál áður en þeir færu á haustfundina 9.-11. september.

### **Foreldrafélagið og markmið þess**

- Efla samstarf heimila og skólans.
- Stuðlar að öflugu bekkjarstarfi.
- Hefur milligöngu um að kosnir séu tveir bekkjarfulltrúar úr hverjum bekk.

### **Störf og hlutverk bekkjarfulltrúa**

- Efla samstarf foreldra og heimila,
- starfa með kennurum um mál er varða bekkjarstarf og skólastarf og miðla þar með upplýsingum (t.d. dreifibréfum) til annarra foreldra,
- aðstoð við framkvæmd viðburða í samvinnu við foreldrafélagið,
- skipuleggja bekkjarkvöld,
- koma á símaskrá bekkjarins,
- koma á vinahópum,
- styrkja félagslífið innan bekkjarins,
- kynna foreldrasamninginn,
- geyma bekkjarmöppu (frá heimili og skóla)

Í framhaldi af þessu kom fram að kennarar fá greiddar ákveðnar margar stundir á vetri fyrir vinnu utan stundarskár fyrir að skipuleggja og taka þátt í félagslífi bekkjarins eins og t.d. mæta á bekkjarkvöld.

### **Foreldraráð**

Meginverkefni ráðsins snýr að rekstri skólans, kennslu, fara yfir námsskrár og stundarskrár, skoða áætlun bæjarins um skólamál og starfa með skólastjóra. Í foreldraráði eru nú 7 en það verður lagt niður í þeirri mynd sem það er nú en í staðinn stofnað ráð sem í verða 2 úr foreldraráði, 2 kennarar, 1 annar starfsmaður skólans, skólastjóri, 2 nemendur og 1 úr grenndarsamfélaginu.

## **Foreldrabankinn**

Rætt var um að gaman væri ef foreldrar með ákveðin áhugamál eða hæfileika legðu sitt af mörkum fyrir börnin t.d. leikarar, tónlistarfólk, íþrótta- og útivistarfólk o.fl. (kom hugm. um að einn útivistarpabbinn kenni sínum bekk á áttavita).

## **Vinahópar**

Umræður sköpuðust um vinahópana og sýndist sitt hverjum. Sumum fannst erfitt að skipuleggja vinahópna vegna mikilla anna foreldra en einnig vegna námskeiðsiðkunar barna eftir skólatíma. Í einhverjum bekkjum höfðu örfáir foreldrar verið alfarið á móti vinahópum og við það urðu engir vinahópar. Í einum 2. bekk í fyrra var erfitt að skipuleggja félagslíf eftir skóla vegna togstreitu á milli stelpna í bekknum. Í öðrum tilfellum hafði gengið vel með vinahópana og börn og foreldrar verið ánægð. Einn bekkjarfulltrúi taldi það jákvætt við vinahópa að börn úr bekknum færu heim til hrekkjusvínsins og kynntust því á annan hátt og sæju þá bekkjarsystkini sitt í öðru ljósi eftir að hafa séð heimilið og fjölskylduna. Fundarmenn voru sammála um að reyna að koma á vinahópum þrátt fyrir að einstaka foreldrar í einhverjum bekkjum væru mótfallnir því.

## **Afmæli**

Varðandi afmæli þá hefur sú meginregla verið í gildi í skólanum að annað hvort væri öllum bekknum boðið í afmælið eða bara öðru kyninu. Einhverjir fundarmenn héldu að það væri í lagi að bjóða t.d. helmingnum af stelpunum eða bara helmingnum af strákonum en þá kom fram ábending um að þá gæti það gerst að oft væri verið að bjóða sömu krökkunum í afmælin og þá yrðu einhverjir útundan. Allir voru sammála um að setja þyrftu viðmið varðandi afmælisgjafir. Flestum fannst að nú væri verið að gefa fyrir 1.000 kr. gjöfin.

## **Bekkjarsjóður**

Ekki má lengur innheimta bekkjarsóð, þannig að hann leggst af. Í staðinn mun skólinn fá fjármagn frá bænum til að fjármagna ferðir sem eiga sér stað á skólatíma. Ferðir og atburðir sem farnar eru utan skólatíma verða þá kostaðar af afgangi úr bekkjarsjóðum frá því í fyrra, úr afgangi sjóði foreldrafélagsins frá því í fyrra og svo munu einstaka bekkir eða foreldrafélagið taka til sinna ráða ef það vantar peninga. Tillaga kom um að halda bingókvöld í skólanum því það væri í senn fjáröflun og félagslíf.

## **Tómstundarheimilið**

- Tómsundarheimilið var rætt. Einu foreldri fannst barnið ekki gera neitt nema lita sömu myndina og var að spá í hvort tækjanefnd skólans skaffaði tómsundaheimilinu eitthvað.
- Upp kom spurning um hvað Garðabær væri að leggja fram af fjármagni eða öðru til tómsundaheimilisins. Þetta ætlar foreldrafélagið að athuga.

## **Matarmálin**

- Verð á skólamáltíð í Garðabæ er hærra en í öðrum sveitarfélögum sem skýrist af því að Garðabær niðurgreiðir ekki skólamáltíðir á sama hátt og önnur bæjarfélög. Þetta ætlar foreldrafélagið að kynna sér betur en einhverjir foreldrar úr Flataskóla eru búnir að senda bænum bréf um þetta mál.
- Fram kom tillaga um að hafa pizzu og muffins á föstudögum.
- Ekki eru öll börn sáttt við grænmetisbarinn. Á grjónagrautsdögum er t.d. ekki boðið uppá neitt grænmeti. Í seinna matarhollinu er svo grænmetisbarinn oft tómur. Sumum finnst grænmetið ekki alltaf nógu girnilegt, t.d. eplin í vatninu því sumir krakkar vaða með hendurnar ofaní vatnið.
- Börn fundarmanna virtust mörg óánægð með sósur sem settar eru yfir matinn án þess að þau séu spurð.
- Að sögn skólastjóra sjást nú fleiri með nesti.

## **Vor- og hausthátíð**

Tekin var ákvörðun um að blása hausthátíðina af. Foreldrafélagið spáir í staðinn í hvort hægt verði að gera eitthvað í tengslum við fjölgreindarleikana sem hefjast 19. nóvember.

## **Skólaföt**

Tekin var ákvörðun um að hætta með Henson gallana og þykku 66north peysurnar. Fundarmönnum leist ekki á grágrænu peysurnar sem sýndar voru á fundinum. Þær þóttu litlausar. Foreldrafélagið ætlar að skoða fleiri tegundir af heilsárs Cintamani peysum og þá helst í bláum lit.

## **Menntaþing**

Verður haldið 12. sept. og er öllum opið. Rætt verður um ný lög, nýja menntastefnu o.fl. en auk þess verða ýmsar málstofur. Menntamálaráðherra setur þingið og sér um ráðstefnuslit.

Fyrir hönd foreldrafélagsins,

Herdís Guðmundsdóttir, ritari.